



15. mars 2024

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 705. mál á 154. löggjafarþingi**

*Slit ógjaldfærra opinberra aðila*

Vegna ósjálfbærrar stöðu ÍL-sjóðs og fyrirsjáanlegs kostnaðar sem mun af þeim sökum falla á ríkissjóð hafa verið kynntar ýmsar leiðir til að gera upp ríkisábyrgðina á ÍL-sjóði. Hagsmunasamtök heimilanna taka hvorki afstöðu til þeirra leiða né hvort eða hverjar þeirra geti verið æskilegri en aðrar.

Hagsmunasamtök heimilanna leggja aftur á móti mikla áherslu á að hvernig svo sem staðið verður að málum verði tryggt að hagsmunir einstaklinga með lán frá ÍL-sjóði, áður Íbúðalánasjóði, raskist ekki. Fari svo að eignir sjóðsins, þar á meðal lánasöfn, verði framseldar til kröfuhafa eða annarra aðila þarf að tryggja að réttarstaða lántakenda skerðist ekki og verði sú sama gagnvart nýjum kröfuhöfum.

Samkvæmt 17. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 getur neytandi haldið uppi sömu mótbárum við nýjan kröfuhafa og upphaflegan eiganda kröfunnar þó svo að krafan sé framseld, sett að veði eða fjárnám gert í henni. Þau lög giltu um lánveitingar Íbúðalánasjóðs frá 11. janúar 2001 til 1. nóvember 2013 þegar ný lög um neytendalán nr. 33/2013 tóku gildi. Sambærilegt ákvæði er í 19. gr. síðarnefndu laganna þar sem er jafnframt áréttað að réttur til skuldajafnaðar haldist óhaggaður gagnvart nýjum kröfuhafa, en þau lög giltu um lánveitingar Íbúðalánasjóðs fram til 1. apríl 2017.

Hagsmunasamtök heimilanna leggja mikla áherslu á að gæta þurfi til hins ítrasta að fyrrnefndum réttindum neytenda í tengslum við hugsanlegt framsal lánasafna ÍL-sjóðs. Jafnframt leggja samtökin áherslu á að í samræmi við jafnræðisreglu verði sami réttur tryggður öllum lántakendum, einnig þeim sem gætu hafa tekið lán hjá Íbúðalánasjóði fyrir 11. janúar 2001 eða eftir 1. apríl 2017.

Loks hvetja samtökin eindregið til þess að sambærilegt ákvæði við 19. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013 um framsal kröfuréttar verði fært í lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 sem tóku gildi 1. apríl 2017, en það virðist hafa gleymst við setningu þeirra laga. Úr því mætti bæta með því að samþykkja frumvarp þess efnis sem hefur verið lagt fram á yfirstandandi þingi (165. mál).

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is